



Ritrynd grein birt 31. desember 2012

Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir

Íslenskir barnakennarar 1930 og 1960

Félagsleg og lýðfræðileg einkenni

Rannsóknin beinir sjónum að barnakennarastéttinni á tímabilinu 1930–1960 og kannar hvaða áhrif hinar umfangsmiklu samfélagslegu og efnahagslegu breytingar, sem kenndar eru við nývæðingu (e. *modernization*), höfðu á svipmót hennar. Lögð er áhersla á samanburð milli þéttbýlis og dreifbýlis og á ólíkar skólagerðir. Árið 1930 var nær þriðjungur kennara farkennarar en þetta hlutfall hafði lækkað í 5% 1960. Kennurum í föstum skólum fjölgaði að sama skapi, mest í Reykjavík. Færð eru rök fyrir því að fagvæðing kennarastéttarinnar hafi að verulegu leyti þegar átt sér stað fyrir 1930; þetta birtist m.a. annars í því að kennarar voru mun eldri og áttu mun lengri kennsluferil en gerðist fyrr á öldinni. Verulegur munur var þó á barnakennarastéttinni eftir skólagerð. Farkennarahópurinn bar framan af svipmót gamla tímans, flestir voru ungir og ógiftir. Árið 1960 voru farkennarar aftur á móti mun eldri en kennarar í föstum skólum. Farskólalald var á undanhaldi og ólíkt því sem var í skólum í hinu vaxandi þéttbýli varð lítil sem engin endurnýjun í farkennarahópnum. Konur voru mun færri en karlar í barnakennarastétt og framan af heyrði til undantekninga að giftar konur legðu stund á kennslu. Hluttur giftra kennara jókst á rannsóknartímabilinu en áfram hélst kynbundinn munur á hjúskaparstöðu kennara. Hvað varðar hlut kennslukvenna naut Reykjavík fyrst um sinn talsverðrar sérstöðu en þar voru áberandi fleiri kennslukonur en annars staðar á landinu. Þær voru eldri en stéttin í heild og áttu að baki langan kennsluferil. Flestar áttu þessar konur feður í efri lögum samfélagsins. Færð eru rök fyrir því að kennaranám hafi verið ákjósanleg leið fyrir þennan hóp til að afla sér framhaldsmenntunar og sjálfstæðra framfærslumöguleika.

Loftur Guttormsson er prófessor emeritus í sagnfræði og Ólöf Garðarsdóttir prófessor í sagnfræði, bæði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Icelandic primary school teachers 1930–1960: Social and demographic profile

The study explores how socio-economic changes affected the social and demographic profile of Icelandic primary school teachers during the period 1930 to 1960. The study compares urban and rural areas as well as different school types. We show that there were considerable differences in the social profile of teachers between settings. In 1930 almost one third of all Icelandic teachers were ambulatory teachers in rural areas as compared to less than 5% in 1960. The share of teachers in permanent schools increased, in particular in Reykjavík. We argue that the professionalization of teaching had occurred during the first

decades of the 20th century. This is reflected in the change in the age profile of teachers. Earlier research has shown that the majority of teachers in the early 20th century were young and unmarried and were often only involved in teaching for a brief period of time. In 1930, teachers were generally older and had longer teaching careers than had been the case with their forerunners. This was, however, not the case with the ambulatory teachers, who displayed the same demographic characteristics as teachers in earlier periods. With increased urbanization between 1930 and 1960, there was a considerable decline in the number of ambulatory teachers and thus little renewal in this group. By 1960, teachers in permanent schools were younger, as the number of teachers increased more than fourfold between 1930 and 1960. Our study shows that female teachers were relatively few, and in 1930 only a small fraction of female teachers were married. Apparently the contemporary ideology required that women pursuing a career as a teacher should not marry. Even though there were still considerable gender-specific differences in the marital status of teachers in 1960, the share of married women teachers increased considerably between 1930 and 1960. Evidently, by 1960, it became easier for women to combine teaching with marriage and child-bearing.

Loftur Guttormsson is professor emeritus in history and Ólöf Garðarsdóttir is professor in history, both at the School of Education, University of Iceland.

Inngangur

Mikilvægur þáttur í þéttbýlismyndun og nývæðingu á Íslandi á fyrstu áratugum 20. aldar var stofnun barnaskóla og myndun barnakennarastéttar. Upphafið teygir sig nokkra áratugi aftur á 19. öld en lög um almenna fræðslu barna voru ekki sett, sem kunnugt er, fyrr en 1907. Í lögnum var gerður skýr greinarmunur á barnafræðslu eftir þéttbýli og dreifbýli, eða með öðrum orðum, eftir því hvort kennslan færi fram í föstum skólum eða farskólum (Loftur Guttormsson, 1992; Loftur Guttormsson, 2008a, bls. 83–84). Á fyrstu þremur áratugum aldarinnar festi þetta fræðsluskipulag sig í sessi á sama tíma og þéttbýli óx hröðum skrefum í landinu. Þýðingarmikill liður í stofnfestingu barnaskólakennslu í landinu var stofnun Kennaraskóla Íslands 1908 og starfsemi hans sem lagði drög að eiginlegri fagstétt barnakennara (Loftur Guttormsson, 2008b, bls. 130–132; Ólöf Garðarsdóttir og Helgi Skúli Kjartansson, 2008). Tímabilið fram til 1930 má með réttu kalla stofnfestingarskeið barnaskólafræðslu á Íslandi. Á þessu skeiði fjölgaði þeim barnakennurum við fasta skóla sem hlotið höfðu lögbundna kennaramenntun úr 43% í 70% en aftur á móti var fjölgunin mjög lítil meðal farskólakennara eða úr 24% í 28% (Loftur Guttormsson, 2008b, bls. 134).

Í þessari grein beinist athyglin að tímabilinu sem fylgdi á eftir, frá 1930 til 1960. Markmiðið er að kanna að hvaða marki félagsleg og lýðfræðileg einkenni barnakennarastéttarinnar breyttust á tímabilinu; þessi einkenni mynda það sem kalla má svipmót (e. *profile*) stéttarinnar. Einkennin lúta að aldursskiptingu, kyni, starfsaldri, hjúskaparstöðu og félagslegum uppruna miðað við stöðu föður. Með hliðsjón af almennri þjóðfélagsþróun á tímabilinu má ætla að all mikil breyting hafi orðið á umræddum einkennum.


Menntunin er vissulega mikilvægur dráttur í svipmóti barnakennarastéttarinnar en ekki er unnt að fjalla skipulega um hann hér; það verður gert á öðrum vettvangi. Aðeins skal hér tekið fram að hlutfall barnakennara með kennarapróf við fasta skóla var komið upp í 70% árið 1930 og hafði einungis hækkað í 72% árið 1960.

Hafa ber í huga að tvívegis á því tímabili, sem er hér til umfjöllunar, frá 1930–1960, voru sett lög um fræðslu barna, hin fyrri 1936 og hin síðari 1946. Fyrri löggjöfin staðfesti að mestu leyti þá skipan sem mótast hafði á festingarskeiðinu fram til 1930 en færði mörk skyldubundinnar barnafræðslu niður um þrjú ár í þéttbýli (þ.e. í föstum skólum); sjö ára börn urðu þar með fræðslu- eða skólaskyld. Með löggjöfinni 1946 var skyldufræðslan

lengd um eitt ár og stofnað til nýs skólastigs, unglunga- og gagnfræðastigs sem tók við af sex ára barnafræðslustigi. Í kaupstöðum og ýmsum kaптúnunum fór fræðsla eldri barna eftir heimsstyrjöldina síðari fram í sérstökum unglunga- og/eða gagnfræðaskólum; þessi stigskipting skyldufræðslunnar hafði í för með sér nokkra aðgreiningu í kennarastétt eftir því hvort kennarar höfðu lokið prófi frá Kennaraskóla Íslands (eftir 4ra ára nám frá 1943 að telja) eða háskóla eins og nokkur dæmi voru um meðal kennara í unglunga- og gagnfræðaskólum. Allan þennan tíma var svo nokkuð um það, einkum í strjálbýli, að starfandi kennarar hefðu ekki lokið kennaraprófi og fengju þar af leiðandi ekki ráðningu í fasta stöðu.

Í þessari rannsókn er hugtakið barnakennari notað í víðri merkingu. Kennarahópurinn 1930 takmarkast við þá sem kenndu á skyldunámstigi, þ.e. börnum á aldrinum 7–13 ára en árið 1960 felur hópurinn í sér kennara sem kenndu bæði á barna- og gagnfræðastigi. Þó nokkur hluti kennara kenndu þá á báðum stigum. Árið 1930 taldi kennarahópurinn 418 einstaklinga. Árið 1960 voru kennarar 1400 talsins; 51% þessara einstaklinga kenndu eingöngu á barnastigi (7–12 ára), 14% á báðum stigum og 35% eingöngu á gagnfræðastigi.

Tímabilið 1930–1960 einkenndist í heild af örri þéttbýlismyndun (sjá *Mynd 1*). Samfara henni breyttist hlutfallslegur fjöldi fastra skóla í þéttbýli og farskóla í dreifbýli. Á hina síðar nefndu saxaðist líka samfara því að heimavistarskólum fjölgaði í dreifbýli. Fjöldi þessara skólagerða við upphaf og lok tímabilsins er sýndur í *Töflu 1*.



Mynd 1 – Mannfjöldi í þéttbýli (200 íbúar og fleiri) 1901–1960 (%) (*Hagskinna*, 1997, bls. 123).

Þrátt fyrir lagasetninguna 1936 og 1946 gekk hægt að jafna menntunaraðstæður barna og ungmenna í þéttbýli og dreifbýli. Löggin gerðu ráð fyrir því að skólanefndir í sveitum gætu sótt um undanþágu frá ákvæðum um skólaskyldu og farið fram á að skólaskylda hæfist ekki fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur; fræðsluskýrslur benda til þess að slíkar undanþágur hafi verið býsna algengar. Þannig var hlutfall nemenda undir 10 ára aldri í farskólum og heimavistarskólum um helmingi lægra en meðal nemenda í föstum skólum (Ólöf Garðarsdóttir, 2008, bls. 252). Þá var áfram verulegur munur á kennslutíma í vikum talið á milli skólagerða (Loftur Guttormsson, 2008d, bls. 120–123). Að sama skapi var munur á stöðu farkennara samanborið við kennara við fasta skóla. Af 58 fastráðnum far-

kennurum 1960 höfðu aðeins 18 kennarapróf, „flest roskið fólk með áratuga kennsluferil“ (Helgi Skúli Kjartansson, 2008a, bls. 46–47).

Tafla 1 – Fastir skólar, heimavistarskólar og farskólar árin 1927–1928 og 1960–1961				
	Fjöldi skóla		%	
	1927–1928	1960–1961	1927–1928	1960–1961
Skólar alls	205	233		
Reykjavík¹	1	17	0,5	7,3
Fastir skólar í kaupstöðum utan Reykjavíkur	6	19	2,9	8,2
Fastir skólar utan kaupstaða	54	81	26,3	34,8
Heimavistarskólar²	2	47	1,0	20,2
Farskólar³	142	69	69,3	29,6

Heimild: *Barnafræðsluskýrslur árin 1920–1966*, bls. 9, 33 og 61–65 (Hagstofa Íslands, 1967).

¹ Upplýsingar um fjölda skóla eru ekki fyllilega sambærilegar. Árið 1927–1928 eru einkaskólar ekki taldir með en það er aftur á móti gert árið 1960–1961.

² Í fræðsluskýrslum ársins 1927–1928 eru heimavistarskólar (2) taldir með föstum skólum utan kaupstaða. Upplýsingar liggja aftur á móti fyrir um að þetta ár hafi tveir heimavistarskólar verið starfræktir á landinu (Hagstofa Íslands, 1967, bls. 9).

³ Tala hreppa með farskóla.

Ætla má að samfara þéttbýlismyndun og breyttu skólafyrirkomulagi hafi svipmót barnakennarastéttarinnar tekið stakkaskiptum á umræddu tímabili. Um þetta efni verður leitað nokkurs samanburðar við grannlöndin, einkum Noreg þar sem aðstæður voru um margt svipaðar og hér. En upplýsingar um hin félagslegu og lýðfræðilegu einkenni barnakennarastéttarinnar eru sóttar í gagnagrunn sem nú skal gerð grein fyrir.

Gagnagrunnur um íslenska barnakennara

Gagnagrunnur um barnakennara á Íslandi á 20. öld (2. útgáfa, ágúst 2012) geymir upplýsingar um einstaklinga sem lögðu stund á kennslu við skyldunámstigið á árunum 1909–1961. Loftur Guttormsson og Helgi Skúli Kjartansson lögðu drög að þessum grunni í tengslum við verkefnið *Almenningsfræðsla á Íslandi* fyrir um tíu árum síðan.¹

Í grunninum eru nú upplýsingar um alla starfandi barnakennara skólaárið 1909–1910, 1930–1931, 1940–1941 og 1960–1961. Upplýsingar voru fengnar úr skjalasafni menntamálaráðuneytisins en þar eru varðveittar skrár yfir alla þá sem kennt hafa við skóla landsins. Í þessum skrá er að finna nöfn einstaklinga, nafn skóla (einungis í Reykjavík) og fræðsluumdæmi. Viðbótarupplýsingar um þessa einstaklinga hafa verið sóttar í aðrar heimildir, einkum þó í kennaratal (*Kennaratal á Íslandi: 1–2*, 1958–1965 og *Kennaratal á Íslandi: 3–5*, 1985–1988). Hér er um ræða lýðfræðilegar upplýsingar á borð við fæðingarár og dánarár, hjúskaparstöðu, giftingarár, skilnaðarár, ár við makamissi, fjölda barna og fæðingarár elsta og yngsta barns. Einnig hefur verið bætt við upplýsingum um félagslegan bakgrunn einstaklinga, einkum starfstétt föður og móður. Þessar upplýsingar hafa verið kóðaðar eftir HISCO-starfsgreinakerfinu (sjá: van Leeuwen, Maas og Miles 2002).

¹ Upphaflega var veittur styrkur til verkefnisins úr Rannsóknarsjóði Kennaraháskóla Íslands og safnaði Guttormur Helgi Jóhannesson gögnum í grunninn. Undanfarin tvö ár hefur Ólöf Garðarsdóttir hlotið styrk úr Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands, m.a. til að vinna að endurbótum og leiðréttingum á grunninum. Nokkrir nemendur við Háskóla Íslands, þau Birna Björk Sigurgeirsdóttir MA-nemi, Elmar Orri Gunnarsson BA-nemi og Helga Katrín Tryggvadóttir MA, hafa unnið við grunninn árin 2009–2012. Leiðréttingum er ekki að fullu lokið og er hér vísað í grunninn með eftirfarandi hætti: *Gagnagrunnur um barnakennara á Íslandi á 20. öld* (2. útgáfa, ágúst 2012).

Við hlið HISCO-kerfisins hafa einstaklingar verið flokkaðir í sex starfsstéttir en fyrirmynd að þeirri flokkun er sótt til Sigurjóns Björnssonar og Wolfgang Edelstein (1977, bls. 31–36).² Loks eru starfstengdar upplýsingar sóttar í kennaratal, þ.e. upplýsingar um nám kóðaðar eftir ISCED-kerfinu (sjá *ÍSNÁM2008: Íslensk náms- og menntunarflokkun*, e.d.), um upphaf og lok kennsluferils, um þá skóla eða fræðsluumdæmi sem einstaklingur kenndi við og upplýsingar um það hvort um var að ræða fasta skóla, heimavistarskóla eða farskóla.

Gögnin eru í eðli sínu þversniðsgögn³ en með þeim viðbótarupplýsingum, sem nú liggja fyrir, má færa rök fyrir því að um langsníðsgögn⁴ sé að ræða. Þá höfum við tengt saman einstaklinga sem koma fyrir oftast en einu sinni í skrámenntamálaráðuneytisins þannig að hver kennari kemur nú einungis einu sinni fyrir í gagnagrunninum. Um þessar mundir er unnið við að tengja grunninn við önnur gagnasöfn, einkum þó við upplýsingar um brautskráða nemendur úr Kennaraskóla Íslands en einnig við manntöl. Þá hefur verið leit að eftir upplýsingum um fæðingar- og dánarár einstaklinga í manntöl og gagnagrunna hjá Hagstofu Íslands (einkum horfingaskrá og breytingaskrá þjóðskrár).

Greining okkar nær ýmist til hópsins í heild (þ.e. allra einstaklinga í gagnasafni menntamálaráðuneytisins) eða þess hóps sem er í kennaratali. Sem fyrr segir eru einungis upplýsingar um nafn einstaklinga og skóla (fræðsluhérað) í skrámenntamálaráðuneytisins.

Hér vaknar sú spurning hvort greining á þeim hluta kennarastéttarinnar, sem kemur fyrir í kennaratali, gefi skakka mynd af hópnunum. Það er tæpast einskærri tilviljun háð hvaða kennara er getið í kennaratali. Þótt kennaratal geymi upplýsingar um einstaklinga sem fengust við kennslu, óháð því hvort þeir höfðu kennarapróf eða ekki, verður að teljast líklegt að réttindalausir kennarar, sem einungis kenndu um skamma hríð, hafi séð minni ástæðu til að standa ritstjórn kennaratalans skil á upplýsingum um starfsferil sinn en fastráðnir kennarar sem kenndu um áratuga skeið. Í þessu ljósi er rétt að líta nánar á að hvaða marki kennara í ólíkum skólagerðum er getið í kennaratali eða ekki.

Töflur 2A og 2B sýna fjölda kennara eftir skólagerð og kyni, sem og hlutfall þeirra sem getið er um í kennaratali. Mikill meirihluti þeirra, sem kenndu við skyldunámstigið 1930 og 1960, koma fram í kennaratali (94% árið 1930 og 90% árið 1960). En hér birtist nokkur munur á hlutfalli þeirra sem eru í kennaratali eftir skólagerð og kyni. Það er eftirtektarvert að alla þá kennara, sem kenndu í Reykjavík árið 1930, má finna í kennaratali. Hið sama á við um 94% kennara í föstum skólum utan Reykjavíkur og 90% kennara í farskólum. Í föstum skólum (bæði í Reykjavík og utan Reykjavíkur) lækkaði hlutfall þeirra sem getið er um í kennaratali nokkuð milli 1930 og 1960 en hlutfallið hélst aftur á móti stöðugt í farskólum. Kynbundinn munur birtist einkum í því að í skólum utan Reykjavíkur (föstum skólum og farskólum) eru hlutfallslega færri konur í kennaratali en karlar. Þetta gæti bent til þess að algengara hafi verið að konur störfuðu einungis skamman tíma við kennslu. Hér nýtur Reykjavík aftur nokkurrar sérstöðu. Sem fyrr segir eru allir Reykjavíkurkennararnir árið 1930 í kennaratali og 1960 er algengara að kennslukonur séu í kennaratali en karlkennarar (98% kvenna en 93% karla). Nú verður að teljast líklegt að þeir kennarar, sem fram koma í kennaratali, hafi alla jafna haft sterkari fagvitund en hinir sem þar er ekki að finna. Í þessu samhengi vaknar sú spurning hvort kennslukonur í Reykjavík hafi sérstöðu miðað

² Helsta frávikin frá flokkun Sigurjóns og Wolfgang (1977) er að bændum er hér skipað í sérstaka starfsstétt í stað þess að dreifast á milli starfsstéttar 1 og 5 hjá Sigurjóni og Wolfgang. Tekið skal fram að auk alls kyns skrifstofufólks telja „hvítflíbar“ (starfsstétt 4) m.a. barnakennara og annað sérmenntað fólk án háskólaprófs.

³ Með þversniðsgögnum er átt við rannsóknargögn sem geyma upplýsingar um einstaklinga eða hópa á einum tilteknum tímapunkti, í þessu tilviki kennara einstök ár.

⁴ Með langsníðsgögnum er vísað til þess að upplýsingar eru til um lífshlaup eða hluta úr lífshlaupi einstaklinga eða hópa.

við karlkennara og miðað við þær kynsystur sem störfuðu við kennslu annars staðar á landinu. Nánar er vikið að þessu atriði síðar í greininni.

Tafla 2A – Fjöldi barnakennara 1930 og hlutfall þeirra sem koma fyrir í kennaratali eftir kyni og skólagerð						
	Fjöldi kennara			% í kennaratali		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Alls	418	297	121	94,0	94,9	91,7
Kennarar í Reykjavík	100	56	44	100,0	100,0	100,0
Kennarar í föstum skólum utan Reykjavíkur	194	143	51	93,8	96,5	86,3
Farkennarar	124	98	26	89,5	89,8	88,5

Tafla 2B – Fjöldi barnakennara 1960 og hlutfall þeirra sem koma fyrir í kennaratali eftir kyni og skólagerð						
	Fjöldi kennara			% í kennaratali		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Alls	1400	927	473	90,0	91,7	86,7
Kennarar í Reykjavík	503	305	198	95,0	93,4	97,5
Kennarar í föstum skólum utan Reykjavíkur	831	576	255	87,0	90,8	78,4
Farkennarar	66	46	20	89,4	91,3	85,0

Heimild: *Gagnagrunnur um barnakennara á Íslandi á 20. öld* (2. útgáfa, ágúst 2012).

Þótt ljóst sé að nokkur munur er á því eftir kyni og skólagerð hvort einstaklingar, sem lögðu stund á barnafræðslu, rötudu í kennaratal er hlutfallið í öllum tilvikum hátt (lægst 78%). Það eru því ekki líkur á því að þetta skekki niðurstöður okkar að ráði.

Fyrri rannsóknir

Gagnagrunnurinn um íslenska barnakennara hefur þegar verið nýttur talsvert til rannsókna á íslenskum barnakennurum, einkum fram til 1940 (Loftur Guttormsson, 2008b, bls. 126–141; Helgi Skúli Kjartansson 2008b, bls. 205–207). Þá hefur Ólöf Garðarsdóttir (2010; 2012) nýlega kannað félagsleg einkenni íslenskra barnakennara í upphafi 20. aldar og nýtt í því skyni manntalsgögn frá 1901 ásamt skýrslu sem Guðmundur Finnbogason samdi um fræðslu barna og unglunga skólaárið 1903–1904. Í rannsókninni tengdi Ólöf einstaklinga, sem störfuðu við kennslu samkvæmt manntalinu 1901, við upplýsingar um kennara í gagnagrunninum sem kenndu skólaárið 1909–1910. Þar kom m.a. fram að árið 1901 voru konur um 27% allra starfandi barnakennara í landinu en aftur á móti voru konur ríflega helmingur allra kennara við Miðbæjarskólann í Reykjavík. Þetta svipar til þess sem gerðist í Noregi á síðasta fjórðungi 19. aldar þegar tveir af hverjum þremur kennurum í stærstu kaupstöðum landsins voru konur (Hagemann, 1992, bls. 71 og 140).

Samkvæmt manntalinu 1901 voru 75% íslenskra kennslukvenna yngri en 35 ára ára (Ólöf Garðarsdóttir, 2010). Þá hefur verið sýnt fram á að af 29 konum, sem luku kennaraprófi 1892–1912 og gerðu kennslu að ævistarfi, giftist 21 aldrei (Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 1992, bls. 34–41). Vitað er að svo seint sem 1930 voru 83% allra kvenna í barnakennara-stétt ógiftar samanborið við 55% karla (Loftur Guttormsson, 2008b, bls. 136). Þetta þýðir með öðrum orðum að á þessum fyrsta þriðjungi 20. aldar þótti fara illa saman hjá konum að vera í hjúskap og stunda barnakennslu. Þetta viðhorf var mjög í anda húsmæðrahugmyndafræðinnar sem kenndi að vinna utan heimilis samræmdist illa hlutverki húsmóður.

Viðhorfsins gætti sérstaklega meðal efri stétta þjóðfélagsins (Copelman 1996, bls. 5–30; Loftur Guttormsson, 2001, bls. 263–264).

Nú fer því fjarri að það einkenni kennslukvenna að vera ógiftar⁵ hafi einskorðast við Ísland. Í Noregi voru þannig 90% kennslukvenna ógiftar árið 1910 og árið 1930 var hlutfallið mjög svipað og hér á landi. Þar í landi viðgekkst þá enn í barnakennarastétt mikill kynbundinn launamunur sem réttlættur var m.a. með vísun til ólíkrar hjúskaparstöðu karl-kennara og kennslukvenna (Hagemann, 1992, bls. 140–141 og 173). Lítt hefur verið kannað hvernig þessu háttaði til hér á landi á sama tíma⁶ en gera má ráð fyrir að talsverðs launamunar hafi gætt hjá barnakennurum eftir kyni, m.a. eftir því hverjir hlutu fasta ráðningu. En við Miðbæjarskólann í Reykjavík, sem var eini opinberi barnaskólinn í bænum fram til 1930, virðast konum að öðru jöfnu hafa verið greidd sömu laun og körlum (Ármann Halldórsson, 2001, bls. 90–96). Með lögum árið 1919 var svo kveðið á um jöfn laun kvenna og karla í barnakennslu (Helgi E. Elíasson, 1944, bls. 246–248, 15. gr.). En þrátt fyrir lögbundið launajafnrétti hélst ógifti áfram sem einkenni kennslukonustarfsins. Samkvæmt ríkjandi þjóðfélagsviðhorfum var ætlast til að „frökenin“ væri ógift og barnlaus og helgaði sig í staðinn börnunum í skólastofunni (sbr. Elgqvist-Salzman, 1993, bls. 148–153).

Spurning er hvort veruleg breyting varð á þessum aðstæðum og viðhorfum á því tímabili sem hér til athugunar. Fyrirfram myndi maður ekki búast við því fyrr en þá allmjög var tekið að líða á tímabilið. Fram að heimsstyrjöldinni síðari markaðist staða kvenna enn allmjög af „húsmæðra-hugmyndafræðinni“, þ.e. því viðhorfi að giftar konur ættu ekki að vinna utan heimilis heldur helga sig heimilishaldi og barnauppleði (Sigríður Matthíasdóttir, 2004, bls. 328–336, 364–367). Giftum mæðrum buðust fá félagsleg úrræði til barnagæslu þar sem dagheimili eða barnaheimili voru óþekkt að kalla. Engin tilviljun var að blómaskeið húsmæðraskólanna stóð frá því um miðbik þriðja áratugarins fram yfir heimsstyrjöldina síðari (Loftur Guttormsson, 2008c, bls. 157). En viðhorf og aðstæður í þessu efni tóku að breytast verulega upp úr heimsstyrjöldinni síðari enda hækkaði almennt giftingarhlutfall þá talsvert á sama tíma og konur leituðu í sívaxandi mæli út á vinnumarkaðinn (Andresen o.fl., 2011, bls. 40–41; Elgqvist-Saltsman, 1993, bls. 141–167). Spurning er hvort þessa sjái áberandi merki í hlutfalli giftra kennslukvenna í lok tímabilsins.

Félagslegur bakgrunnur barnakennara er annað mikilvægt atriði sem athugunin beinist að. Fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós að nærri þrjú af hverjum fjórum barnakennurum 1930–1931 áttu bændur fyrir föður og höfðu þar með alist upp í sveit að meira eða minna leyti; á þessu tímabili var Kennaraskólanum líka lýst sem sveitamannaskóla (Loftur Guttormsson, 2008b, bls. 137–138; Ólöf Garðarsdóttir og Helgi Skúli Kjartansson, 2008, bls. 20–21). Ætla má að hið háa hlutfall kennara af bændaættum hafi stuðlað að því að barnaskólinn miðlaði nemendum sínum fremur hefðbundnum lífsgildum og -viðhorfum. En norskri sagnfræðingurinn Gro Hagemann hefur bent á að:

... som ferdigutdannet ble seminaristen stående i en sosial mellomstilling. I forhold til foreldre og andre i hjembygda hadde han tatt et skritt oppover på den sosiale rangstigen. Men han var ikke akademiker og stod langt under embetsmennene i dannelse og status. (Hagemann, 1997, bls. 32)

Þannig má ætla að mikill hluti kennara í upphafi tímabilsins hafi verið í nokkuð tvíræðri félagsstöðu. Þeir voru aldri upp í sveit en störfuðu flestir sem kennarar í kaupstöðum og


⁵ Hér á eftir verður yfir þetta einkenni notað orðið „ógifti“, sbr. „ókvæni“ sem haft er um karlmenn.

⁶ Í doktorsritgerð Erlu Huldu Halldórsdóttur (2011, bls. 269) kemur fram að frekari menntun kvenna á síðari hluta 19. aldar hafi m.a. verið rökstudd með því að ráða mætti þær með því móti sem heimiliskennara fyrir lægri laun en karla.

kaupúnum (sbr. Myhre, 1995, bls. 116–120). Ætla má að úr þessari „tvíræðni“ stéttarinnar hafi dregið eftir því sem til sögunnar komu fleiri barnakennarar sem áttu miðstéttarforeldra búsetta í þéttbýli. Hvernig háttaði þessu til um 1960?

Lýðfræðileg einkenni kennarastéttarinnar

Sú mikla breyting sem varð á atvinnuháttum og samfélagsgerð hér á landi á tímabilinu 1930–1960 birtist glögg í innbyrðis skiptingu kennarahópsins eftir skólagerð. Mynd 2 sýnir að árið 1930 var nærri einn af hverjum þremur kennurum farkennari. Þetta hlutfall var komið niður fyrir 5% árið 1960. Kennurum sem kenndu í föstum skólum hafði fjölgað að sama skapi, einkum þó í Reykjavík (úr 24% í 36%).



Mynd 2 – Innbyrðis hlutfall kennara eftir skólagerð 1930 og 1960 (Gagnagrunnur um barnakennara á Íslandi á 20. öld (2. útgáfa, 2012).

Fjöldi kennara, sem sinnti skyldufræðslu, liðlega þrefaldaðist á rannsóknartímabilinu, úr 418 í 1.400 (sjá *Töflu 3A og 3B*) en á sama tíma fjölgaði íbúum landsins ekki nema um tæp 62% (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997, bls.78–81). Hin mikla fjölgun í stéttinni umfram íbúafjölgunina skýrist af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi hafði skólaskyldudurinn verið lengdur tvívegis á tímabilinu, eins og áður segir; í öðru lagi gætti áhrifa hækkandi fæðingartíðni á seinni helmingi tímabilsins (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997, bls. 58–63). Þessi þróun leiddi til þess að árið 1960 var hlutfall barna 0–14 ára jafnhátt og það hafði verið í upphafi aldarinnar eða 35% af íbúafjöldanum í heild en hafði árið 1940 ekki numið nema 30% (Andresen, Ólöf Garðarsdóttir o.fl., 2011, bls.41–49). Þess ber að gæta að í heildarfjölda kennara 1960 kunna í einhverjum tilvikum að felast þeir sem sinntu aðeins kennslu í 3. og 4. bekk gagnfræðanáms, þ.e. þeim bekkjum gagnfræðaskólanna sem tóku við af skyldunámsstiginu (1. og 2. bekk).

Sé fyrst litið á fjölda kennara eftir skólagerð á tímabilinu, þá kemur fram mest fjölgun í höfuðborginni eða fimmföldun á sama tíma og hlutur höfuðborgarinnar í íbúafjölda landsins hafði vaxið um tæp 260% (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997, bls. 78–81). Í föstum skólum utan Reykjavíkur hafði fjöldi kennara fjórfaldast. Farkennurum hafði aftur á móti ekki aðeins fækkað að tiltölu heldur og í beinum tölum, úr 124 í 66.

Hvað varðar skiptingu kennarahópsins milli kynja, þá er breytingin minni í heild en ætla mætti; hlutur kvenna færðist úr 28,9% kvenna í 33,8%. Hér birtist reyndar athyglisverður


munur eftir skólagerð; hlutfall kvenna af öllum kennurum í Reykjavík lækkaði á tímabilinu úr 44% árið 1930 í 39% árið 1960; aftur á móti höfðu konur sótt nokkuð á meðal kennara í föstum skólum utan Reykjavíkur og í farskólum. Ekki er ólíklegt að hlutfallsleg fækkun kvenna í Reykjavík stafi aðallega af því að Reykjavíkurkennurum hafði fjölgað mun meira á unglinga- og gagnfræðastigi en á barnastigi; á fyrrnefnda stiginu voru karlar í miklum meirihluta (73%). Hefð var fyrir því að karlar væru frekar ráðnir til kennslu í unglinga- og gagnfræðaskólum en konur; kennsla yngri barna þótti frekar við kvenna hæfi en karla.

Tafla 3A – Fjöldi barnakennara 1930 og hlutur kvenna eftir skólagerð (allir kennarar landsins)				
	Fjöldi kennari			Konur
	Alls	Karlar	Konur	%
Alls	418	297	121	28,9
Kennarar í Reykjavík	100	56	44	44,0
Kennarar í föstum skólum utan Reykjavíkur	194	143	51	26,3
Farkennarar	124	98	26	21,0
Tafla 3B – Fjöldi barnakennara 1960 og hlutur kvenna eftir skólagerð (allir kennarar landsins)				
	Fjöldi kennari			Konur
	Alls	Karlar	Konur	%
Alls	1400	927	473	33,8
Kennarar í Reykjavík	503	305	198	39,4
Kennarar í föstum skólum utan Reykjavíkur	831	576	255	30,7
Farkennarar	66	46	20	30,3

Heimild: *Gagnagrunnur um barnakennara á Íslandi á 20. öld* (2. útgáfa, 2012).

Engar marktækar breytingar urðu á tímabilinu á aldursskiptingu kennara í föstum skólum sé miðað, eins og gert er í *Mynd 4A–F*, við skiptinguna „yngri en 30 ára“ og „30 ára og eldri“ en í ljósi hefðarinnar má líta svo á að hún marki skil „ungra“ og „fullorðinna“ (fullorðnir teljast þá 30 ára og eldri).⁷ Miðað við þessa skiptingu hafði aðeins lítillega fjölgað í flokki fullorðinna (úr um 70% 1930 í rúmlega 73% 1960). Hér er þó rétt að gaumgæfa nánar kynbundinn mun í hóp „fullorðinna“ kennara í föstum skólum. Áberandi er hversu hátt hlutfall kennslukvenna í Reykjavík fyllir þennan hóp árið 1930. Þannig eru nærri 80% þeirra 30 ára eða eldri. Þetta er mun hærra hlutfall en meðal karlkennara (hvort sem litið er til kennara í Reykjavík eða fastra skóla utan Reykjavíkur) og kennslukvenna í föstum skólum utan Reykjavíkur. Það er líka eftirtektarvert að nærri allar þessara kennslukvenna í Reykjavík eru ógiftar. *Tafla 5A* yfir fjölda starfsára sýnir að margar þessara kvenna höfðu kennt um áratuga skeið; ríflega helmingur kennslukvenna í höfuðborginni höfðu þannig kennt í 15 ár eða meira samanborið við einungis fjórðung karlkennara. Nánar verður vikið að sérkennum kennslukvenna í Reykjavík hér á eftir.

⁷ Í hefðbundnu sveitasamfélagi á Íslandi taldist fólk til „ungdóms“ þar til það hafði fest ráð sitt og stofnað heimili en það gerðist einatt ekki fyrr en um þrítugsaldur hjá þeim sem stofnuðu á annað borð til hjúskapar (Loftur Guttormsson, 1983, bls. 63–67, 105–119). Greining á aldri og hjúskaparstöðu barnakennara í upphafi 20. aldar sýnir að þá eimdi mjög eftir af þessari hefðbundnu formgerð (sjá bls. 10–12). Til þess að marka gróf aldurskil í kennarahópnum þykir því henta að tala hér um „ungdómssnið“ og „fullorðinssnið“.



Myndir 4A–F. Fjöldi barnakennara 1960 og hlutur kvenna eftir skólagerð (einungis kennarar í kennaratali) (*Gagnagrunnur um barnakennara á Íslandi á 20. öld* (2. útgáfa, 2012).

Aldursskipting kennara í farskólum er talsvert frábrugðin því sem við blasir í föstum skólum. Þannig var hlutur ungra farkennara nokkru hærri árið 1930 en meðal kennara í föstum skólunum. Þetta er sérstaklega áberandi meðal kennslukvenna en 14 af 23 farskennslukonum voru yngri en 30 ára árið 1930. *Tafla 5A* sýnir líka að afar hátt hlutfall farskennara hafði einungis kennt í fáein ár; tvær af hverjum þremur farskennslukonum höfðu

kennt skemur en fimm ár árið 1930. Ólíkt kennarahópnum í þéttbýlinu virðist farkennarahópurinn þannig áfram einkennast af hinu hefðbundna ungdómsniði frá upphafi aldarinnar sem lýst er hér að ofan. Rannsókn Ólafar Garðarsdóttur (2010), sem byggði á upplýsingum manntalsins 1901, sýndi að algengt var að kennslukonur byggju í foreldrahúsum. Líklegt verður að telja að börn húsráðenda í sveitum hafi gjarnan tekið að sér hlutverk farkennararans áður en þau festu ráð sitt.

Tafla 5A – Fjöldi starfsára kennara eftir skólagerð og kyni 1930 (%)									
	Reykjavík			Fastir skólar utan Reykjavíkur			Farskólar		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
0–4 ár	24,0	25,0	22,7	23,1	21,0	29,5	40,5	34,1	65,2
5–9 ár	18,0	26,8	6,8	18,1	17,4	20,5	16,2	17,0	13,0
10–14 ár	21,0	23,2	18,2	9,3	9,4	9,1	11,7	12,5	8,7
15–19 ár	9,0	3,6	15,9	17,0	16,7	18,2	7,2	6,8	8,7
20–24 ár	12,0	8,9	15,9	13,7	15,9	6,8	10,8	12,5	4,3
25 ár og meira	16,0	12,5	20,5	18,7	19,6	15,9	13,5	17,0	–

Tafla 5B – Fjöldi starfsára kennara eftir skólagerð og kyni 1960 (%)									
	Reykjavík			Fastir skólar utan Reykjavíkur			Farskólar		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
0–4 ár	23,6	19,1	30,1	24,1	19,8	35,5	22,0	28,6	5,9
5–9 ár	18,7	19,1	18,1	18,5	19,2	16,5	16,9	19,0	11,8
10–14 ár	18,1	18,1	18,1	17,6	19,4	13,0	11,9	4,8	29,4
15–19 ár	12,0	14,2	8,8	10,5	10,8	9,5	6,8	7,1	5,9
20–24 ár	7,2	7,8	6,2	9,6	9,7	9,5	6,8	4,8	11,8
25 ár og meira	20,4	21,6	18,1	19,7	21,1	16,0	35,6	35,7	35,3

Heimild: *Gagnagrunnur um barnakennara á Íslandi á 20. öld* (2. útgáfa, 2012).

Gagnger breyting varð á svipmóti farkennarahópsins milli 1930 og 1960. Mun fleiri fylltu nú hóp „fullorðinna“ kennara en í föstu skólunum. Árið 1960 var hlutur þeirra 85% samanborið við 40% kennara í föstum skólum. Sérstaða farkennaranna stafar án efa af því að hópurinn starfaði við skólagerð sem dróst mjög saman á tímabilinu og hann endurnýjaði sig þar af leiðandi að takmörkuðu leyti. Þetta sést glögglega í *Töflu 4B*. Yfir þriðjungur farkennara árið 1960 hafði starfað í 25 ár eða lengur samanborið við um 20% kennara í föstum skólum (sbr. einnig Helgi Skúli Kjartansson 2008a, bls. 46–47). Hvað varðar kennara við föstu skólana, þá er breytingin á starfsaldri beggja hópanna á tímabilinu óveruleg þegar tveir og tveir aldursflokkar (0–9 ár, 10–19 ár, o.s.frv.) í hvorum hóp fyrir sig eru bornir saman.

Hátt hlutfall „fullorðinna“ kennara við fasta skóla á þessu tímabili má líta á sem vísbendingu um fagvæðingu kennarastarfsins. Verulegur hluti þessa hóps mun hafa stundað barnakennslu sem ævistarf. Í þessu sambandi er upplýsandi samanburðurinn við aldursskiptingu barnakennara í upphafi 20. aldar. Skólaárið 1909–1910 voru 62 % allra barnakennara á landinu 30 ára og yngri (Loftur Guttormsson, 2008b, bls. 138; Ólöf Garðars-

dóttir, 2010, 2012). Í ljósi þessara gagna má álykta að meginbreytingin frá hinu dæmi-gerða ungdómssniði barnakennarahópsins í upphafi aldar yfir í fullorðinssnið hafi verið komin í kring þegar um 1930.

Tengsl hjúskaparstöðu og aldurskiptingar kennara eru ólík eftir því hvort litið er á upphaf eða lok tímabilsins. *Myndir 4A–F* sýna að árið 1930 var engin kennslukona undir þrítugu gift en allt að því fjórði hver karlkennari. Hjá kennurum 30 ára eldri var þá geysimikill kynjamunur á hjúskaparstöðu þeirra í Reykjavík; um 66% karla voru kvæntir en aðeins um 12% kvenna giftar. Í föstum skólum utan höfuðborgarinnar var munurinn miklu minni eða um 86% á móti 36%. Á þessu hafði orðið mikil breyting 1960; meirihluti kennara af báðum kynjum, 30 ára og yngri, var þá í hjónabandi (farkennarar undanskildir). Hvað varðar hina „fullorðnu“, 30 ára og eldri, þá hafði hlutfall kennara í hjónabandi hækkað mikið frá 1930 en var þó sýnu lægst hjá kennslukonum í Reykjavík, um 65%.

Hækkun á hlutfalli kennara í hjónabandi á tímabilinu kemur ekki á óvart; hún er í stórum dráttum í samræmi við almenna þróun þar sem hlutfall 15 ára og eldri, sem gengu aldrei í hjónaband, lækkaði á sama tíma úr 46,7% í 35,8% (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997, bls. 128–129). Á sama tímabili lækkaði meðalaldur við stofnun hjúskapar um ein þrjú aldursár (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997, bls. 156–157). En þrátt fyrir þessa almennu þróun var í lok tímabilsins mjög áberandi kynjamunur á hjúskaparstöðu kennara.

Aðeins rúmlega ein af hverjum tíu kennslukonum í Reykjavík árið 1930 var í hjúskap en aftur á móti nálega tvær af hverjum þremur 1960. Breytingin er ekki jafn gagnger hjá kennslukonum við fasta skóla utan Reykjavíkur þar sem um tvær af hverjum þremur kennslukonum árið 1960 voru giftar samanborið við eina af hverjum þremur 1930. Til samanburðar má geta þess að árið 1940 var sambærileg tala fyrir norska barnakennara 40% (Hagemann, 1992, bls. 158). Hjá íslenskum farkennslukonum var breytingin miklu minni en í föstum skólum, giftum í þeirra hópi fjölgaði úr 56% í 73% frá 1930 til 1960. Hjá karlkennurum var breytingin mest í Reykjavík en hækkun giftingarhlutfalls hjá þeim var þó lítilfjörleg (tæp 33%) hjá því sem gerðist í hópi kennslukvenna.

Ljóst er að um 1960 höfðu rofnað hin sterku tengsl milli kennslustarfs kvenna í höfuðborginni og ógiftis – og í minna mæli í þéttbýli utan Reykjavíkur. Með öðrum orðum, þegar komið var fram um miðja 20. öld þurftu konur, sem höfðu orðið sér úti um kennsluréttindi, ekki lengur að velja milli hjónabands eða kennslustarfs – þetta tvennt fór nú saman í miklum meirihluta tilfella. Svipaðrar þróunar gætti á þessum tíma í öðrum kvennastéttum, t.a.m. meðal hjúkrunarkvenna, en viðhorf til hjúskapar og barneigna hjúkrunarkvenna tóku stakkaskiptum á sjötta áratugnum (Margrét Guðmundsdóttir, 2010, bls. 316–320). Breytingin er svo gagnger á stöðu kennslukvennanna að líkja má við menningarbyltingu; hún kallar því á nánari greiningu hér á eftir.

Félagslegur bakgrunnur kennara

Fram er komið að reykvískar kennslukonur um 1930 hegðuðu sér í miklu ríkari mæli í samræmi við húsmæðrahugmyndafræðina – með því að giftast ekki (sbr. bls. 6–7 að framan) – en starfssystur þeirra annars staðar í þéttbýli, að ekki sé talað um farkennslukonurnar. Vert er að minna á að kennslukonur utan Reykjavíkur voru mun færri að tiltölu en í Reykjavík. Það er athyglivert að þessar konur voru mun líklegri til að sameina kennslustarfið hjúskap og barnaupeldi en kynsystur þeirra í höfuðstaðnum. Hvaða ástæður skyldu búa hér að baki? Skiljanlega áttu konur úti á landi í mörgum tilvikum auðveldara með að leysa barnagæsluvandann meðan á kennslunni stóð en stallsystur þeirra í höfuðborginni; þar gat m.a. sagt til sín minni fjarlægð milli heimilis og vinnustaðar (skólans) sem og nábyli vandamanna. En þessar aðstæður skýra ekki nema að hluta muninn

á höfuðborginni og dreifbýlinu. Í þessu samhengi er forvitnilegt að kanna hvort verulegs munar gætir á félagslegum uppruna kennslukvenna í Reykjavík 1930, miðað við landið að öðru leyti, sem og hvort dregið hafi úr slíkum mun á eftirstríðsárunum. Tilgátan er þá sú að húsmæðrahugmyndafræðin hafi átt sterkari ítök í efri þjóðfélagshópnum en þeim neðri.

Tafla 6A varpar merkilegu ljósi á þann mun sem gætti í félagslegum uppruna karlkennara og kennslukvenna í Reykjavík árið 1930. Hátt í helmingur hinna síðarnefndu áttu feður í efri starfsstéttunum, 4–6, en aðeins liðlega fjórðungur karlkennaranna (sbr. Elgqvist-Saltsman, 1993, bls. 21). Tengt þessu er munurinn á kynjum eftir því hve margir kennarar áttu bændur fyrir feður (75% karlkennara en einungis 38,6% kennslukvenna). Hin tiltölulega sterka staða kennslukvenna í Reykjavík 1930 virðist byggjast að miklu leyti á því félagslega og menningarlega auðmagni sem efri lögin í bæjarsamfélaginu báru með sér. Í þessu sambandi er sérstaklega athyglisvert hve hin fámenna efsta starfsstétt (háskólamenntaðir), um 5% af heildinni, leggur höfuðborginni til marga kvenkennara eða 25%. Freistandi er að tengja hið háa hlutfall ógíftra kennslukvenna í höfuðborginni við þessi félagslegu upprunaeinkenni. Jafnframt er þess að gæta að fyrir dætur, sem fæddust inn í efri lögin, var kennaranám væntanlega ákjósanleg leið til framhaldsmenntunar og til að skapa sér þar með sjálfstæða framfærslumöguleika.

Tafla 6A – Félagslegur uppruni barnakennara eftir kyni 1930 (%) í Reykjavík og utan Reykjavíkur (starfsstétt föður)				
	Reykjavík		Utan Reykjavíkur	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Fjöldi	56	44	266	67
1 – Verkamenn, sjómenn	5,4	6,8	7,1	3,0
2 – Bændur	75,0	38,5	77,9	73,1
3 – Iðnaðarmenn	7,1	4,5	3,5	6,0
4 – Hvítflibbar (m.a. kennarar)	7,1	15,9	3,1	4,5
5 – Atvinnurekendur	1,8	6,8	4,4	6,0
6 – Háskólamenntaðir	3,6	25,0	3,1	6,0
Starf föður óþekkt	–	2,3	0,9	1,5
Tafla 6B – Félagslegur uppruni barnakennara eftir kyni 1960 (%) í Reykjavík og utan Reykjavíkur (starfsstétt föður)				
	Reykjavík		Utan Reykjavíkur	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Fjöldi	282	193	568	217
1 – Verkamenn, sjómenn	14,2	5,7	13,0	8,3
2 – Bændur	43,6	37,8	54,8	46,5
3 – Iðnaðarmenn	14,5	16,6	9,9	17,5
4 – Hvítflibbar (m.a. kennarar)	15,2	20,2	11,3	17,1
5 – Atvinnurekendur	9,6	11,4	7,6	8,8
6 – Háskólamenntaðir	2,8	6,7	3,0	1,4
Starf föður óþekkt	–	1,6	0,5	0,5

Heimild: *Gagnagrunnur um barnakennara á Íslandi á 20. öld* (2. útgáfa, 2012). Starfsstéttaflokkunin byggir að mestu á Sigurjóni Björnssyni og Wolfgang Edelstein (1977, bls. 31–36). Sjá nánar neðanmálsgrein 2.

Til að komast í kennarastöðu þurftu synir ekki að eiga jafn sterkan bakhjarl í félagslegu og menningarlegu tilliti og dæturnar. Þrír af hverjum fjórum (75%) karlkennurum í höfuðborginni voru bændaættar (samanborið við 38,6% kvennanna). Aðeins líðlega fjórðungur karlkennaranna áttu feður í efri starfsstéttunum (4–6). Utan Reykjavíkur gætti ekki þessa skýra kynbundna munar á félagslegum bakgrunni kennara; þar svipar félagslegum bakgrunni kennara mjög til karlkennara í Reykjavík.

Félagslegt svipmót kennarastéttarinnar breyttist mjög á þeim þremur áratugum sem liðu fram til 1960 (sjá *Töflu 6B*). Breytingin endurspeglar að nokkru leyti almenna þjóðfélagsþróun á tímabilinu þegar mjög dró úr vægi bændastéttarinnar jafnframt því sem fjölgaði í millihópunum (starfsstéttum 3 og 4) (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997, bls. 212–213). Ljóst er þó að í kringum 1960 lagði bændastéttin landinu til skyldunámskennara langt umfram það sem nam hlutfallslegu vægi hennar í þjóðfélagi samtímans. Í þessu samhengi má einnig geta þess að við lok 6. áratugarins voru einungis 13% kennaranema frá Reykjavík en það ár bjuggu rúmlega 40% landsmanna í Reykjavík (Ólöf Garðarsdóttir og Helgi Skúli Kjartansson 2008, bls. 20–21). Þannig endurspeglar kennarahópurinn 1960 frekast ástandið eins og það var fyrir heimsstyrjöldina síðari þegar vöxtur höfuðborgarinnar var skemmra á veg kominn. Eftirtektarvert er að árið 1960 voru millistéttirnar konum álíka mikill bakhjarl til kennaramenntunar og kennarastarfs 1960 og efstu stéttirnar (5 og 6) höfðu verið 1930.

Yfir 40% allra skyldunámskennara í Reykjavík árið 1960 áttu bændur fyrir föður. Ætla má að gildi sveitalífsins, sem þessir kennarar höfðu alist upp við, hafi í ýmsum greinum verið frábrugðin gildum hinnar vaxandi bæjarmenningar eftirstríðsáranna. Þetta kann að ýmsu leyti að hafa gert þeim erfiðara fyrir í starfshlutverkinu. Á fyrstu áratugum aldarinnar höfðu barnakennarar vítt um byggðir landsins, rétt eins og í byggðum Noregs (Hagemann, 1997, bls. 31–33), gerst leiðtogar í félags- og menningarlífi, en gera má ráð fyrir að í kaupstöðum eftirstríðsáranna, þar sem félagsgerðin var orðin miklu sundurleitari en í dreifbýlinu, hafi þrengt verulega að leiðtogahlutverki kennara í félags- og menningarlífi byggðanna.

Lokaorð

Talsverðar breytingar urðu á svipmóti kennarastéttarinnar frá 1930 til 1960. Þetta var tímabil umfangsmikilla efnahagslegra og félagslegra breytinga hér á landi og fjöldi íbúa, sem bjuggu í þéttbýli, meira en tvöfaldaðist á þessum 30 árum. Árið 1930 voru nærri tveir af hverjum þremur kennurum farkennarar en þetta hlutfall hafði lækkað niður fyrir 5% árið 1960. Fremur fáar konur lögðu kennslustarfið fyrir sig á millistríðsárunum enda var á þeim tíma gert ráð fyrir því að giftar konur helguðu líf sitt heimilisstörfum og barnaupveldi. Þótt húsmóðurstarfið væri áfram í hávegum haft á 6. áratug aldarinnar og möguleikar á opinberri barnagæslu hverfandi, fjölgaði kennslukonum nokkuð; átti þetta sérstaklega við um giftar konur. En þrátt fyrir þessa breytingu var áfram mjög áberandi kynjamunur á hjúskaparstöðu kennara árið 1960.

Hvað varðar hlut kvenna í kennarastéttinni naut Reykjavík lengi vel talsverðrar sérstöðu. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að framan af 20. öldinni voru kennslukonur mun fleiri í Reykjavík en annars staðar á landinu. Þessarar sérstöðu gætti áfram árið 1930 og voru kennslukonur þar mun fleiri að tiltölu en í skólum utan höfuðborgarinnar. Nærri allar þessara kvenna voru ógiftar og höfðu kennt um áratuga skeið. Rannsókn okkar leiðir í ljós að félagslegur uppruni þessara kvenna var allt annar en meðal starfsbræðra þeirra í Reykjavík sem og meðal kennara af báðum kynjum annars staðar á landinu. Það þarf í sjálfu sér ekki að koma á óvart að mikill meirihluti kennara á þessum tíma átti bændur fyrir feður. Hverfandi fáir þessara kennara áttu rætur í efri lögum samfélagsins. Ef lítið er til kennslukvenna í Reykjavík sést hins vegar að mun sjaldgæfara var að þær kæmu úr bændastétt.

Um helmingur þeirra átti feður í efri starfsstéttum. Telja verður líklegt að fyrir konur, sem fæddust inn í efri lög samfélagsins, hafi kennaranám verið ákjósanlegasta leiðin til framhaldsmenntunar og til þess að skapa sér sjálfstæða framfærslumöguleika. Þegar litið er til félagslegs uppruna kennarahópsins árið 1960 blasir við allt önnur mynd. Þá var lítill sem enginn munur á félagslegum uppruna karlvennara og kennslukvenna. Hluttur kennara sem átti rætur í bændastétt hafði lækkað umtalsvert þótt ljóst sé að bændastéttin lagði landinu til fleiri barnakennara en sem nam hlutfallslegu vægi hennar í samfélaginu.

Frá upphafi 20. aldarinnar til ársins 1930 höfðu orðið gagngerar breytingar á svipmóti kennarastéttarinnar. Í greininni færum við rök fyrir því að fagvæðing stéttarinnar hafi að verulegu leyti átt sér stað á þessum fyrstu áratugum aldarinnar. Þetta birtist m.a. í því að æ algengara varð að einstaklingar legðu fyrir sig kennslu sem ævistarf. Árið 1930 var þannig einungis lítill hluti kennararstéttarinnar yngri en 30 ára. Í upphafi 20. aldarinnar hafði hins vegar mikill meirihluti kennarastéttarinnar verið ungur og ógiftur. Ekki var óalgengt að ungt fólk í sveitum landsins legði fyrir sig kennarastarfið um tíma á meðan það bjó enn í foreldrahúsum og áður en það festi ráð sitt. Þá sýndi skýrsla Guðmundar Finnboasonar 1903–1904 að tiltölulega lágt hlutfall kennara var með kennarapróf. Þetta breyttist á fyrstu áratugum 20. aldar enda útskrifaði nýstofnaður kennaraskóli áregna á bilinu 20–30 kennaraefni (Ólöf Garðarsdóttir og Helgi Skúli Kjartansson, 2008, bls. 18).

Heimildir

Andresen, A., Garðarsdóttir, Ó., Janfelt, M., Lindgren, C., Markkola, P. og Soderlind, I. (2011). *Barnen och välfärdspolitiken: Nordiska barndomar 1900–2000*. Stokkhólmi: Dialogos.

Ármann Halldórsson. (2001). *Saga barnaskóla í Reykjavík til 1930* (Þuríður J. Kristjánsdóttir bjó til útgáfu). Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

Copelman, D. M. (1996). *London's Women Teachers: Gender, class and feminism 1870–1930*. London: Routledge.

Elgqvist-Salzman, I. (1993). *Lärarynna, kvinna, människa*. Stokkhólmi: Carlsson Bokförlag.

Erla Hulda Halldórsdóttir. (2011). *Nútímans konur: Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Gagnagrunnur um barnakennara á Íslandi á 20. öld (2. útgáfa). (Ágúst 2012). Í vörslu Lofta Guttormssonar og Ólafar Garðarsdóttur.

Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (ritstjórar). (1997). *Hagskinna: Sögulegar hagtölur um Ísland*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hagemann, G. (1992). *Skolefolk: Lærernes historie i Norge*. Ósló: Ad notam, Gyldendal.

Hagemann, G. (1997). *Det moderne gjennombrudd 1870–1905*. Í Knut Helle (ritstjóri), *Aschehougs Norgeshistorie* (9. bindi). Ósló: H. Aschehoug.

Hagstofa Íslands. (1967). *Barnafræðsluskýrslur árin 1920–1966*. Reykjavík: Höfundur.

Helgi E. Elíasson (ritstjóri). (1944). *Lög og reglur um skóla og menningarmál á Íslandi sem eru í gildi í marzlok 1944*. Reykjavík: Fræðslumálastjórn.

- Helgi Skúli Kjartansson. (2008a). Fræðslulögin í framkvæmd. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Skóli fyrir alla 1945–2007* (2. bindi, bls. 44–63). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Skúli Kjartansson. (2008b). Kennarastéttin. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Skóli fyrir alla 1945–2007* (2. bindi, bls. 198–215). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- ÍSNAÐ2008: Íslensk náms- og menntunarflokkun. (e.d.). Reykjavík: Hagstofa Íslands. Sótt af <http://www.hagstofa.is/pages/1881>
- van Leeuwen, M., Maas I. og Miles A. (2002). HISCO: Historical International Standard Classification of Occupations. Santa Clara, CA: EH.Net. Sótt af http://eh.net/book_reviews/hisco-historical-international-standard-classification-occupations
- Loftur Guttormsson. (1983). *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld: Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun.
- Loftur Guttormsson. (1992). Farskólahald á Íslandi í sextíu ár (1890–1950): Nokkrir megindrættir. *Uppeldi og menntun: Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 1, 207–223.
- Loftur Guttormsson. (2001). Parent-child relations. Í D. I. Kertzner og M. Barbagli (ritstjórar), *History of the European Family* (2. bindi, bls. 251–281). New Haven: Yale University Press.
- Loftur Guttormsson. (2008a). Tímamótin 1907. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (1. bindi, bls. 75–89). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008b). Barnakennarar: starfskjör, menntun og staða. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (1. bindi, bls. 126–141). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008c). Almenningsfræðsla umfram skyldu. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (1. bindi, bls. 144–159). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008d). Lagagrunnur og framkvæmdir 1926–1945. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (1. bindi, bls. 108–123). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Margrét Guðmundsdóttir. (2010). *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*. Reykjavík: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.
- Myhre, J. E. (1995). Læreren som middelklasserepresentant og profesjonsutøver. Í R. Højdal (ritstjóri), *Nasjon – region – profesjon: Vestlandslæreren 1840–1940* (bls. 111–130). Ósló: Kult.
- Ólöf Garðarsdóttir. (2008). Félagskerfi skólans. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri). *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (1. bindi, bls. 247–262). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ólöf Garðarsdóttir. (2010). Barnakennarar á Íslandi um aldamótin 1900. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/020.pdf>

Ólöf Garðarsdóttir. (2012). Demographic and social features of Icelandic elementary school teachers in the beginning of the 20th century. Í M. Buchardt, P. Markkola og H. Valtonen (ritstjórar), *Education, state and citizenship* (bls. 138–159). Helsinki: University of Helsinki.

Ólöf Garðarsdóttir og Helgi Skúli Kjartansson. (2008). Nám og nemendur. Í Svanhildur Kaaber og Heiðrún Kristjánsdóttir (ritstjórar), *Aldarspejll: Kennaraskóli Íslands/ Kennaraháskóli Íslands 1908–2008* (bls. 16–36). Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

Sigríður Matthíasdóttir. (2004). *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1800–1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigurjón Björnsson og Wolfgang Edelstein. (1977). *Explorations in Social Inequality. Stratification Dynamics in Social and Individual Development in Iceland*. Berlin: Max-Planck-Institut für Bildungsforschung.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir. (1992). *Kennarar af Guðs náð. Kennslukonur 1892–1912: Brot úr skólasögu íslenskra kvenna*. BA-ritgerð. Háskóli Íslands, sagnfræðiskor.



Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir. (2012). Íslenskir barnakennarar 1930 og 1960: Félagsleg og lýðfræðileg einkenni. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/010.pdf>